

## Rökstuðningur valnefndar Varðliða umhverfisins

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, Landverndar og Miðstöðvar útivistar og útináms. Markmið keppinnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismálum og valdefla yngri kynslóðir á því sviði. Samkeppnin er opin öllum nemendum í 5. – 10. bekk grunnskóla hér á landi.

Varðliðar umhverfisins 2025 eru nemendur 8., 9. og 10. bekkja Dalskóla sem köfuðu ofan í umhverfismálin á þemadögum skólans. Verkefnin unnu þau út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í gegnum sköpun, fræðslu og gervigreind.

Nemendur fengu, í upphafi þemadaga, kynningu um umhverfismál frá Landvernd auk fræðslu frá kennurum um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvernig nýta megí gervigreind í námi og við upplýsingaöflun. Nemendur ræddu um málefnið heima fyrir og kynntu verkefnið fyrir samnemendum í lok þemadaga.

Þá var vinna nemenda metin með jafningjamati og símati kennara og var lögð sérstök áhersla á samvinnu í gegnum allt ferlið.

Viðfangsefni, áherslur og framkvæmd var margþætt og á valdi hvers hóps. Afrakstur vinnunnar var því fjölbreyttur og framkvæmdin fjölþætt. Nálgun nemenda á viðfangsefnið skilaði m.a. af sér borðspili um matarsóun, marglyttulampa sem unnin var úr plastúrgangi þar sem kastljósinu var beint að mikilvægi hafhreinsunar og skaðlegum áhrifum plasts á lífríkið. Þá vöktu nemendur athygli á slæmum áhrifum skynditísku og urðunar textíls og lögðu sitt af mörkum með hönnun á fatnað úr endurnýttum gallafatnaði. Að lokum má nefna myndbönd um matarsóun þar sem nemendur 10. bekkjar tóku að sér að útskýra á einföldu máli fyrir yngri bekki skólans áhrif matarsóunar á umhverfið.

Það er einróma mat valnefndar að nemendur og starfsfólk unglingadeildar Dalskóla hafi í sameiningu orðið þess verðug að hljóta viðurkenningu Varðliða umhverfisins 2025. Viðurkenninguna hljóta nemendur fyrir fjölbreytt verkefni sín og efnistöð þar sem vitundarvakning og umhverfisskilaboðum er miðlað með auðugum hætti og fjölþættri nálgun. Kennarar unglingadeildar og annað starfsfólk hópsins fær hrós fyrir að ryðja brautina. Fagleg aðkoma þeirra með góðum kynningum og hvetjandi heimsóknum og vettvangsferðum, auk góðs utanumhalds, vegur þungt í farsælli útkomu verkefna og vinnu sem þessari.

Sérstakt hrós dómnefndar hlýtur vel unnið og ígrundað upplýsingamyndband 10. bekkjanna Gunnars Bergs, Elísu Falama, Ísabellu Óskar, Daníels Kára, Styrkars og Ísafoldar um matarsóun. Myndbandið er í senn upplýsandi og gert til að vekja fólk til vitundar um umhverfismál. Nemendur taka þar fyrir, með myndrænum hætti og leikrænum tilburðum, fjölbreyttar leiðir til að koma í veg fyrir matarsóun, vekja yngri nemendur til vitundar um matarsóun með spurningum og spjalli og gefa áhorfendum um leið upplýsandi staðreyndir um matarsóun sem settar eru í samhengi við ýmsa áhrifspætti matarsóunar.

Fulltrúar þeirra sem standa að keppninni skipa valnefnd verkefnasamkeppinnar. Er hún skipuð þeim Önnu Sigríði Einarsdóttir frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, Sigurlaugu Arnardóttur og Ósk Kristinsdóttur frá Landvernd og Stínu Bang frá Miðstöð útivistar og útináms.